

Kæri íbúi Mosfellsdals

Sem framtíðar nágrannar ykkar í Egilsmóa 12 viljum við kynna okkur og vonandi skapa nýja vináttu.

Við erum 2 fjölskyldur; Klara og Itai ásamt 3 börnum, Marylou Jökla (8ára), Berlioz Jökull (3ára) og Frostúlfur Jaki (1árs) og síðan Q og Ingunn.

Við rekum fjölskyldufyrirtæki, Dogsledding Iceland ehf og höfum viðurværi af ástríðu okkar, hundasleðaferðum.

Við eigum, ræktum og þjálfum sleðahunda og bjóðum upp á hundasleðaferðir að atvinnu.

Við höfum verið að vinna og búa í nágrenninu af og til yfir vetrartímenn síðan 2012, í Skálafelli og á Mosfellsheiði. Núna þegar við loksins höfum tækifæri á að flytja okkar nær aðal vinnusvæðinu er langþráður draumur að rætast.

Okkur skilst að koma okkar á svæðið hafi vakið áhyggjur og viljum við fullvissa tilvonandi nágretta okkar um það að ætlun okkar er ekki að raska ró þessa yndæla hverfis eða náttúru þess.

Þar sem starfsemi okkar og tekjur eru 100% háðar túrisma hefur margt breyst með COVID19.

Ætlun okkar er að byggja inni/úti aðstöðu fyrir hundana þar sem við getum dregið úr öllum hávaða sem hundarnir kunna að skapa en í ljósi aðstæðna þurfum við að ráðstafa fjármunum okkar í að halda hlutunum gangandi þar til viðskiptin komast í horf sem eðlilegt getur talist og þess vegna erum við að leita leiða fyrir tímabundnar lausnir.

Við biðjum ykkur að sýna okkur skilning og þolinmæði á meðan á þessu stendur og að sjálfsögðu munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr hávaða vegna hundanna.

Að þessu sögðu, þá eru hundarnir okkar frekar hljóðlátir þegar það er engin truflun í kringum þá og við höfum búið í sátt og samlyndi við núverandi nágretta okkar og skepnur sem eru í kring.

Við höfum sjálf verið með gistingu, og erum enn þann dag í dag með hænur, hesta, ketti og börn á landareigninni með hundunum okkar án vandkvæða.

Þar sem við erum með ung börn ætlum við okkur að girða meðfram læknum/ánni og veginum til að auka öryggi þeirra og mun hundaaðstaðan vera innan þeirrar sömu girðingar, þannig að það ætti að varpa ljósi á það ef einhverjar spurningar vakna varðandi hvort hundarnir verði lausir.

Annars eru hundarnir okkar vanir að vera lausir með okkur hér á bænum þar sem við búum án þess að angra neinn eða fara frá okkur.

Ef þið hafið einhverjar spurningar eða áhyggjur sem þið viljið deila með okkur, ekki hika við að hafa samband í eftirfarandi símanúmer:

Klara: 863 6734

Q: 863 6732

Við skiljum ekki mikið í íslensku, alltaf að bæta okkur samt, en enn sem komið er, er auðveldrara að tala saman á ensku.

Núverandi nágrennar okkar geta staðfest að við höfum ekki valdið neinum röskunum á þeirra lífi, fjölskyldu, dýrum og/eða gestahúsum.

Þið getið haft samband við þau í síma:

Louise: 659 6244

Sævar: 868 0304

Þegar við höfum komið okkur fyrir, þá er ykkur velkomið að koma og heimsækja okkur og/eða hafa samband við okkur. Við erum með opinn huga og tökum fagnandi á móti ykkur.

Hundarnir okkar eru mjög mannelkir og elska athygli.

Von okkar er að eiga í góð samskipti og tengsl við ykkur, tilvonandi nágrenna okkar.

Einnig vonumst við til að koma fyrirtækis okkar í samfélagið muni hafa jákvæð áhrif á efnahagslíf staðarins.

Við hlökkum til að hitta ykkur.

Kærar kveðjur úr Egilsmóa 12

Klara, Itai, Marylou, Berlioz, Frostúlfur, Q og Ingunn

